


Niðurstöður könnunar Fíh um viðhorf hjúkrunarfræðinga hjá ríkinu til kjarasamnings sem var hafnað.

Samninganefnd Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga þakkar hjúkrunarfræðingum fyrir þátttökuna í könnun á viðhorfum hjúkrunarfræðinga til kjarasamnings við ríkið. Könnunin var gerð af Maskínu fyrir Fíh dagana 7. - 10. maí og voru alls 1.894 hjúkrunarfræðingar sem svöruðu könnuninni og starfa hjá ríkinu eða um 66% þeirra sem fengu hana senda.

Niðurstöður könnunarinnar gefa samninganefndinni mikilvægar upplýsingar um ýmis atriði sem tengjast samningnum sem var felldur í atkvæðagreiðslu í lok apríl 2020. Eins hvaða áherslur á að leggja þegar kemur að því að semja um nýjan kjarasamning við Samninganefnd ríkisins (SNR).

Helstu niðurstöður könnunarinnar eru hér fyrir neðan.


1. Hvort samþykktir þú eða hafnaðir þú samningnum?



Fjöldi þeirra sem svöruðu könnuninni voru 1.894 og hafði meirihluti þeirra hafnað samningnum eða 51,9%. Svarhlutfallið er nokkuð lýsandi og svipað niðurstöðu atkvæðagreiðslunnar þar sem samningurinn var felldur með 53,02% atkvæða.


Spurningar 2- 5 í könnuninni voru opnar og svörin þemagreind. Eru þau birt hér fyrir neðan svo betur sé hægt að gera sér grein fyrir helstu svörum.

2. Hver er helsta ástæðan fyrir því að þú hafnaðir samningnum?




Grunnlaun eða dagvinnulaun er það atriði sem helst varð til þess að hjúkrunarfræðingar felldu samninginn. Þá taldi um 22% svarenda að samningurinn gerði lítið fyrir dagvinnufólk og eins var samningurinn talinn of óljós, loðinn eða flókinn.

3. Hvað fannst þér jákvætt við samninginn ?




Hækkun yfirvinnuprósentu / næturvaktarprósentu / betri kjör vaktavinnufólks / vaktahvati, auk styttingar vinnuvikunnar voru þau atriði sem hjúkrunarfræðingar töldu helst jákvæð við samninginn.

4. Hver er helsta ástæðan fyrir því að þú samþykktir samninginn ?




Flestir samþykktu samninginn vegna hækkunar yfirvinnuprósentu / næturvaktarprósentu / betri kjörum vaktavinnufólks / vaktahvata. Þar á eftir voru það atriði vegna aðstæðna í þjóðfélaginu / bjóst ekki við að ná meiru / vil ekki meiri deilur eða verkfall, sem voru helstu ástæðurnar fyrir því að samningurinn var samþykktur. Eins var það stytting vinnuvikunnar sem varð til þess að 26,9% svarenda samþykkti samninginn.

5. Hvað fannst þér standa upp úr samningnum ?




Þegar hjúkrunarfræðingar voru spurðir hvað stóð helst upp úr í samningnum nefndu þeir atriði sem snerta styttingu vinnuvikunnar og breytingu á vinnutíma vaktavinnufólks (laun fyrir álagsvaktir, vaktahvatinn, vaktafyrirkomulag).

6. Var eitthvað sérstakt sem þú hefðir viljað sjá í samningnum sem var ekki?




Um 85% hjúkrunarfræðinga nefna að hærrí grunnlaun/dagvinnulaun hefðu þurft að vera í samningnum og er sú niðurstaða mjög afgerandi. Önnur atriði tengjast launum á einn eða annan hátt.

7. Var eitthvað í samningnum sem þér fannst óþarft og hefði mátt sleppa ?



Flestir þeirra sem svöruðu fannst ekkert óþarft en þar á eftir koma atriði eins og ákvæði í bókun 3 um tilfærslu á fjármagni úr Vísindasjóði í Starfsmenntunarsjóð og eins atriði sem snerta breytingar á orlofi.

8. Hvað finnst þér að samninganefnd Fih eigi að leggja mesta áherslu á við endurskoðun á kjarasamningnum sem var hafnað ?



Í svörum við þessari opnu spurningu kemur skýrt fram að krafa hjúkrunarfræðinga er að grunnlaun/dagvinnulaun hækki miðað við það sem felldur kjarasamningur bauð uppá. Önnur atriði virðast skipta mun minna máli en þó komu fram atriði eins og að samningur þurfi að vera skýr og einfaldur og ekki með óljósum loforðum.

9. Ef stytting vinnuviku dagvinnufólks stendur áfram til boða í nýjum kjarasamningi, hver er þín afstaða ?




Í þessari spurningu var samninganefnd helst að leitast eftir viðhorfi hjúkrunarfræðinga til breytinga í dagvinnu. Svörin gefa til kynna að lítill hluti hjúkrunarfræðinga vill hafna styttingu vinnuvikunnar miðað við núverandi útfærslu.

10. Ef betri vinnutími vaktavinnufólks stendur áfram til boða í nýjum kjarasamningi, hver er þín afstaða ?



Eins og í spurningu 9 var markmiðið að fá fram viðhorf hjúkrunarfræðinga til styttingar vinnuviku vaktavinnufólks líkt og hún var útfærð í felldum kjarasamningi. Niðurstöðurnar gefa til kynna að meirihlutinn sé breytingunum fylgjandi.


11. Hversu mikið eða lítið traust berð þú til samninganefndar Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga ?



Mikill meirihluti hjúkrunarfræðinga sem svöruðu könnuninni ber traust til samninganefndar Fíh.

12. Hversu mikið eða lítið traust berð þú til stjórnenda stofnunarinnar sem þú vinnur hjá ?

	Fjöldi	%
Mjög mikið (5)	212	14,8%
Fremur mikið (4)	468	32,7%
Í meðallagi (3)	514	35,9%
Fremur lítið (2)	197	13,7%
Mjög lítið/Ekkert (1)	42	2,9%
Gíld svör	1.433	100,0%
Svöruðu ekki	461	24,3%
Heildarfjöldi	1.894	100,0%



Um 47% svarenda sögðust bera mikið eða fremur mikið traust til stjórnenda á stofnuninni sem þeir vinna hjá. Aftur á móti vekur athygli að tæp 36% svarenda segja traust til stjórnenda vera í meðallagi

13. Ef Félag íslenskra hjúkrunarfræðinga metur það sem svo að boða þurfi til aðgerða til að knýja fram kjarabætur, hver er afstaða þín ?

	Fjöldi	%	
Ég er tilbúin(n) til að fara í almennt verkfall	794	49,6%	49,6%
Ég er tilbúin(n) til að fara í verkfall í formi yfirvinnubanns	521	32,5%	32,5%
Ég er ekki tilbúin(n) til þess að fara í verkfall eða yfirvinnub..	536	33,5%	33,5%
Gíld svör	1.851	115,6%	0% 20% 40% 60% 80% 100%
Fjöldi svarenda	1.601	100,0%	
Svöruðu ekki	293	15,5%	
Heildarfjöldi	1.894	100,0%	

Samkvæmt þessu er mikill meirihluti hjúkrunarfræðinga tilbúinn til þess að grípa til einhvers konar aðgerða til að knýja fram kjarabætur. Það var hægt að merkja við bæði *verkfall* og *yfirvinnubann* og er því réttast að horfa á þá sem eru ekki tilbúnir til þess að fara í aðgerðir en það eru 33,5%.

Samantekt

Áherslur hjúkrunarfræðinga varðandi nýjan kjarasamning eru þær sömu og komu fram í kjarakönnuninni sem gerð var í lok árs 2018. Þar var skýr krafa um hækkun grunnlauna og styttingu vinnuvikunnar. Niðurstöðurnar staðfesta þau skilaboð sem samninganefnd Fíh fékk á meðan á kynningu og atkvæðagreiðslu stóð. Auk þess komu sömu áherslur fram á fundum með trúnaðarmönnum Fíh í byrjun mánaðarins.

Það að kjarasamningurinn hafi ekki leitt til nægjanlegrar hækkunar á grunnlaunum hjúkrunarfræðinga var helsta ástæðan fyrir því að kjarasamningurinn var felldur og endurspeglar niðurstaðan mikilvægi þess að grunnlaunin verði hækkuð meira í nýjum kjarasamningi. Atriði er varða styttingu vinnuvikunnar og breytingum á vinnutíma vaktavinnufólks eru þættir sem hjúkrunarfræðingum fannst helst jákvæðir í felldum samningi og eins er meirihluti fylgjandi breytingum á vinnutíma dagvinnu- og vaktavinnufólks. Traust til samninganefndar Fíh virðist skv. svörum hjúkrunarfræðinga vera mikið og þakkar samninganefndin fyrir það.

Að lokum er samninganefnd Fíh ljóst að hjúkrunarfræðingar eru tilbúnir í aðgerðir til að knýja fram kjarabætur. Slík skilaboð eru samninganefnd Fíh mikilvæg inn í yfirstandandi viðræður við SNR. Fíh þakkar hjúkrunarfræðingum fyrir þátttökuna og mun samninganefnd félagsins halda áfram að upplýsa þá um gang viðræðna.

Með baráttukveðju
Samninganefnd Fíh